

Minnisblað

Til:
Frá: Kristján Svan Kristjánsson
Dags. 25. mars 2021
Mnr. 2021030083



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – Ránargata 2

Varðandi Ránargötu 2 (Litla býli).

Friðun húsa: Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. (Ránargata 2 er byggt 1913)

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé leyfis stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingaleyfisskyldar framkvæmdir og sömu gögn send Minjastofnun til umsagnar og senda þarf til byggingarfulltrúa.

Flokkar gististaða: Hvernig er hugsað að gistiheimili skuli flokkað eftir breytingu? Samkvæmt fyrirspurn Kjartans Árnasonar er gert ráð fyrir því að veitingasala verði í húsinu og flokkast þá sem flokkur III eða flokkur IV skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016

Samhliða flokkun gististaða er þarft að hugsa þá til starfsleyfis og fjölda gistiplássu sem fyrirhugað er í húsinu.

Deiliskipulag: Er hugsað til þess að deiliskipulagi verði breytt samhliða umsókn og það svæði sem húsið er á nú verði flokkað sem er þjónustu- og athafnasvæði?

Tenging við opið svæði: Í fyrirspurn er tekið fram að húsið (starfsemin ??) muni tengjast sameiginlegu bæjarrými og opnu svæði. Hvernig er sú tenging fyrirhuguð?

Lóðarmörk: Ljóst er að skv. uppdráttum frá Kjartani Árnasyni þá eru bílastæðin sett að hluta inná lóð Ránargötu 4. (Sjá loftmynd í enda minnisblaðs)

Bílastæði: Sjá umsækjendur í hendi aðra möguleika fyrir bílastæði en þá útfærslu sem er í uppdrætti Kjartans?

Nýtingarhlutfall: Hvert er fyrirhugað nýtingarhlutfall miðað við lóðarstærð, eftir breytingar?

